



FYRIRMYNDARFÉLAG ÍSÍ

Skotfélagið Markviss

MARKVISS



**Handbók
2023**



EFNISYFIRLIT

Inngangur	2
1. Skipulag félagsins	5
1.1 Markmið	5
1.1.1 Íþróttaleg	5
1.1.2 Félagsleg	5
1.1.3 Fjármálaleg	5
1.2 Skipurit	6
1.3 Skipun stjórnar og hlutverk stjórnarmanna	7
2. Lög félagsins	8
3. Umgjörð þjálfunar og keppni	10
3.1 Stefna félagsins	10
3.2 Kennslu og æfingaskrá	11
3.3 Æfingastjórar	12
4. Fjármálastjórnun	13
4.1 Stefna félagsins	13
4.2 Rekstur félagsins	13
4.3 Fjárhagsáætlun fyrir rekstarárið	13
5. Þjálfaramenntun	14
5.1 Stefna félagsins	14
5.2 Ráðning þjálfara	14
5.3 Listi yfir þjálfara og leiðbeinendur	15
5.4 Fyrirkomulag æfinga, samstarf og samráð þjálfara	15
6. Félagsstarf	16
6.1 Viðburðadagatal	17
7. Fræðslu og forvarnarsstarf	18
7.1 Stefna félagsins í fræðslu og forvarnarmálum	19
7.2 Einelti í íþróttum	20
7.3 Kynferðisofbeldi í íþróttum	22
7.4 Samskiptaráðgjafi ÍSÍ	23
7.5 Holt mataræði og orkuþörf íþróttafólks	24
8. Jafnréttismál	26
8.1 Stefna félagsins	26
9. Siðareglur	27
9.1 Siðareglur foreldra og forráðamanna	28
9.2 Siðareglur iðkenda í yngri deildum	29
9.3 Siðareglur iðkenda í eldri deildum	30
9.4 Siðareglur þjálfara og leiðbeinenda	31
10. Persónuvernarstefna	33
10.1 Stefna félagsins	33
11. Umhverfismál	37
11.1 Stefna félagsins	37
12. Ungliða og foreldraráð	38
12.1 Ungliða og foreldraráð	38

INNANGANGUR

Með handbók þessari er ætlunin að setja í fastari skorður starfsemi Skotfélagsins Markviss og auka gagnsæi í stjórnun félagsins. Starfsemi íþróttafélaga hérlendis hefur á undanförunum árum orðið mun faglegri en áður var og er það mjög jákvæð þróun að okkar mati.

Aukin áhersla er á faglega menntun þjálfara sem starfa innan íþróttafélaga hérlendis og kröfur um árangur íþróttafólks aukast ár frá ári. **Hraðar - Hærra - Sterkar** er ekki einungis hugsjón Ólympíu-hreyfingarinnar heldur einnig markmið íþróttafélaga, íþróttafólks, styrktaraðila og almennings sem fylgist með árangri íslensks afreksfólks á mótum bæði hérlendis sem erlendis.

Það er ósk okkar sem að gerð þessarar handbókar komu að hún eigi eftir að nýtast vel í starfi félagsins á ókomnum árum.

Skotfélagið Markviss var stofnað þann 2. september 1988 í sal Hótel Blönduóss.

Fundarstjóri var Þorsteinn Ásgeirsson, formaður Skotíþróttasambands Íslands og honum til aðstoðar var Ferdinand Hansen, formaður Skotíþróttafélags Hafnarfjarðar.

Stofnfélagar voru eftirtaldir:

1. Arnbjörn Arason
2. Ágúst Sigurðsson
3. Björn Logi Björnsson
4. Eyþór Ó. Karlsson
5. Guðmundur Sigfússon
6. Gunnar Þór
7. Hjörleifur Júlíusson
8. Ívar S. Halldórsson
9. Jakob J. Jónsson
10. Júlíus Fossdal
11. Sturla Þórðarsson
12. Sveinn Sveinsson
13. Vignir Björnsson
14. Þorvarður Halldórsson



Tillaga kom fram frá Ágústi Sigurðssyni um að félagið skyldi bera nafnið **Markviss** og var það samþykkt.

Fyrstu stjórn Skotfélagsins Markviss skipuðu eftirtaldir.

Formaður Arnbjörn Arason

Gjaldkeri Vignir Björnsson

Ritari Björn Logi Björnsson

Meðstjórnandi Júlíus Fossdal

Meðstjórnandi Guðmundur Sigfússon

Fyrstu árin var mikill kraftur í starfseminni og upp úr 1990 höfðu félagsmenn komið upp Ólympískum skeet velli á landi sem Blönduósbær hafði úthlutað félaginu austan við flugvöllinn á Blönduósi.

Landsmót Skotíþróttasambandsins voru haldin á svæði félagsins og voru þau vel sótt.

Á síðustu árum síðustu aldar dró þó verulega úr starfsemi félagsins, virkir meðlimir fluttu af svæðinu og fáir voru til að taka við keflinu. Það var svo á vordögum árið 2002 að boðað var til fundar í þeim tilgangi að blása glæðum í starfsemina. Var fundurinn vel sóttur og á honum var lagður grunnur að starfsemi félagsins eins og hún er þegar þetta er ritað.

Frá árinu 2006 hafa árlega verið haldin landsmót STÍ á svæði félagsins og félagsmenn náð afbragðs árangri í sinni grein. Skotfélagið Markviss hefur átt Íslandsmeistara bæði karla, kvenna og unglinga. Íslandsmeistara í flokkakeppni, bikarmeistara, Norðurlandsmeistara og svo mætti lengi telja.

Þegar þetta er ritað eru skráðir félagar í Skotfélaginu Markviss 95 og hefur fjölgað ár frá ári.

Stefna félagsins hefur verið og mun ávallt verða að eiga íþróttafólk í fremstu röð í sinni grein jafnframt því sem þörfum almenns áhugafólks um skotíþróttir sé mætt.



KAFLI 1

SKIPULAG FÉLAGSINS

1.1 Markmið:

Að félagið sé sýnilegt almenningi og framkoma félagsmanna sé félaginu og bæjarbúum til sóma.

1.1.1 Íþróttamarkmið

- Að stuðla að auknum áhuga og iðkun skotíþrótta á Íslandi.
- Að bjóða félagsmönnum upp á aðstöðu í hæsta gæðaflokki.
- Að bjóða félagsmönnum upp á leiðsögn hæfra þjálfara.
- Að eiga ávallt keppnisfólk í fremstu röð.

1.1.2 Félagsleg markmið

- Að bjóða félagsmönnum upp á viðburði ótengda og tengda íþróttinni.
- Að bjóða félagsmönnum upp á námskeið tengd íþróttinni og búnaði.


1.1.3 Fjármálamarkmið

Stefna félagsins er að það sé rekið af ábyrgð og sýni hallalausan rekstur á hverju rekstrarári fyrir sig.

Fjárhagsleg staða félagsins skal ávallt vera jákvæð og þannig að hún geti stutt við uppbyggilegt og árangursríkt starf félagsins.

Bókhald félagsins skal fært í bókhaldskerfi ÍSÍ,

1.2 SKIPURIT





1.3 SKIPUN STJÓRNAR OG HLUTVERK STJÓRNARMANNA

Stjórn er kosin á aðalfundi samkvæmt lögum félagsins.

- **Formaður:** Sér um að kalla saman reglulega stjórnarfundum. Leggur fyrir stjórn þau verkefni sem framundan eru til samþykktar. Hann deilir niður verkefnum á nefndir og félagsmenn. Formaður situr formannafundi USAH og STÍ.
- **Gjaldkeri:** Hefur yfirsýn yfir fjármál félagsins og skipuleggur allar framkvæmdir í samvinnu við valla- og framkvæmdanefnd. Sér um öll innkaup vegna framkvæmda, verðlaun (í samráði við mótanefnd) og á kaffistofu (í samráði við æfingastjóra). Leysir formann af í fjarveru hans.
- **Ritari:** Ber ábyrgð á ritun fundargerða og varðveislu þeirra. Ritari hefur umsjón með heimasíðu félagsins. Auk þess hefur ritari umsjón með kynningar og markaðsmálum félagsins í samvinnu við Fjáröflunar og kynningarnefnd.
- **Meðstjórnendur:** Sinna tilfallandi verkefnum stjórnar í samvinnu við formann.
- **Varamenn:** Mæta á fundum stjórnar. Þeir taka sæti í stjórn í forföllum stjórnarmanna. Þeir sinna almennum stjórnarstörfum eins og þörf krefur.
- **Áheyrnarfulltrúi ungliða:** Ungliðaráð hefur rétt á minnst einum áheyrnarfulltrúa á stjórnarfundum fyrir utan stjórnarmann ungliða.



KAFLI 2

LÖG SKOTFÉLAGSINS MARKVISS

1.gr

Félagið heitir Skotfélagið Markviss, skammstafað MAV og er heimili þess og varnarþing á Blönduósi. Skotfélagið Markviss er aðili að Ungmennasambandi Austur Húnavetninga, Íþróttá og Ólympíusambandi Íslands og Skotíþróttasambandi Íslands.

2.gr.

Tilgangur félagsins er að auka áhuga á skotíþróttum, auka þekkingu á byssum, umgengni við þær og bæta aðstöðu til iðkunar skotíþróttá.

3.gr.

Félagsaðeild félagsins er öllum heimil
Handbók félagsins skal vera aðgengileg og nýir sem og eldri félagar hvattir til að kynna sér innihald hennar og tileinka sér það.

4.gr.

- a. Árgjald félagsins skal ákveða á aðalfundi félagsins.
- b. Unglingar 15 til 21 árs greiða hálf árgjald. Ekki skal innheimta árgjald af félagsmönnum yngri en 15 ára.
- c. Greiði félagsmaður ekki árgjald til félagsins í tvö ár samfleytt, skal hann missa keppnisrétt fyrir hönd félagsins.

5.gr.

Árlega skal kosið um formann og 2 stjórnarmenn. Stjórnarmenn aðrir en formaður skulu kosnir til tveggja ára í senn, gjaldkeri og meðstjórnandi annað árið, ritari og meðstjórnandi hitt. Þegar stjórnarmenn aðrir en formaður hafa setið í stjórn fjögur kjörtímabil samfellt mega þeir ekki vera í framboði til endurkjörs minnst eitt kjörtímabil, þó með þeirri undantekningu að berist ekki framboð til stjórnar er þeim heimil áframhaldandi stjórnarseta. Framboð til stjórnar skal berast sitjandi stjórn skriflega eða rafrænt minnst viku fyrir aðalfund. Þá skal kjósa tvo endurskoðendur og einn til vara ásamt tveimur varamönnum í stjórn. Á aðalfundi félagsins er kosið í þær nefndir sem fyrirhugað er að starfi fram að næsta aðalfundi.



6.gr.

Aðalfund skal halda eigi seinna en aðra helgi í febrúar ár hvert og félagsfundi svo oft sem stjórn ákveður, eða ef skrifleg ósk þess efnis kemur frá eigi færri en fimm félagsmönnum. Boða skal til aðalfundar með minnst tveggja vikna fyrirvara og er hann lögmætur sé löglega til hans boðað, s.s. með rafrænum hætti, óháð því hve margir sitja fundinn. Kjörgengi hafa þeir félagsmenn sem skuldlausir eru við félagið á þeim degi sem aðalfundur fer fram.

Á aðalfundi skulu mál tekin fyrir sem hér segir:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Nefndir gera grein fyrir störfum sínum.
3. Lagðir fram reikningar
4. Umræða um skýrslu stjórnar og reikninga.
5. Lagabreytingar.
6. Kosning stjórnar og nefnda.
7. Önnur mál.

7.gr.

Verkefni stjórnar eru m.a.:

- a. Stuðla að uppbyggingu æfingaaðstöðu fyrir skotíþróttir.
- b. Halda reglulegar æfingar og mót í skotíþróttum.
- c. Gæta hagsmuna félagsmanna sinna á skotmótum innanlands sem utan.
- d. Senda fulltrúa á fundi, skotþing og ráðstefnur sem félagið á rétt á að sækja.
- e. Sjá um að öryggis og keppnisreglum ISSF og STÍ sé framfylgt á æfingasvæði félagsins.

8.gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

9.gr.

Lögum þessum verður aðeins breytt á aðalfundi með 2/3 hlutum atkvæða hið minnsta. Tillögur að lagabreytingum skulu berast stjórn amk. einni viku fyrir aðalfund. Stjórn skal sjá svo um að félagsmönnum séu sendar tillögur að lagabreytingum þá þegar þær berast.

10.gr.

Félaginu verður ekki slitið nema á aðalfundi og með samþykki og með samþykki 2/3 hluta fundargesta og koma skal fram í fundarboði að slíta eigi félaginu. Á sama fundi skal ráðstafa eignum félagsins. Eignir félagsins skulu faldar USAH til varðveislu til tveggja ára. Verði á þeim tíma stofnað annað skotfélag innan USAH skulu eignirnar renna til þess.

11.gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Blönduósi 16. feb. 2020.



KAFLI 3

UMGJÖRÐ ÞJÁLFUNAR OG KEPPNI

3.1 Stefna félagsins

Markmið þjálfunar unglingsflokka og byrjenda.

1. Að viðkomandi læri öryggis og umgengnisreglur sem í gildi eru á skotæfingasvæðum.
2. Að viðkomandi sé kennt að þekkja þann búnað sem notaður er við æfingar og keppni.
3. Að kennd sé grunntækni í skotfimi, með áherslu á rétta líkamsstöðu og líkamsbeitingu.
4. Að æfingar séu fjölþættar og hvetjandi.
5. Að fræðsla um heilbrigt líferni og áhrif þess á árangur sé til staðar.
6. Að viðkomandi verði undirbúinn til þátttöku og keppni í viðeigandi flokkum.
7. Að viðkomandi fái fræðslu um mikilvægi sjálfsaga og skipulags við undirbúning og keppni.
8. Að þeir sem ekki hafa hug á þátttöku í keppni fái tækifæri til að stunda skotíþróttir við bestu aðstæður.

Markmið þjálfunar þeirra sem lengra eru komnir.

1. Að æfingar séu miðaðar við stöðu og hæfileika hvers einstaklings fyrir sig.
2. Að fræðsla um heilbrigt líferni og áhrif þess á árangur sé til staðar, áhersla á mataræði, hvíld og hugarfar.
3. Að æfingaálag þeirra sem stefna á afreksíþróttir sé aukið. Með aukna áherslu á tæknileg atriði og undirbúning fyrir keppni.
4. Að íþróttamaðurinn fái fræðslu um markmiðasetningu og leiðir að þeim markmiðum s.s. uppsetningu æfinga og keppnisáætlana.

3.2 Kennslu og æfingaskrá

Æfingadagar eru ákveðnir af stjórn og þjálfurum og kynntir á heimasíðu félagsins.

Einnig eru æfingastjórar skipaðir af stjórn, reynt er að hafa 2 æfingastjóra til að ekki þurfi að fella niður æfingar vegna forfalla.

Það er reynt að hafa 2 æfingardaga í viku yfir sumartímam. Einn fyrir almennar æfingar og einn fyrir nýliðaæfingar. Einnig eru settar upp kvennaæfingar ef beiðni um það kemur.

Keppnisæfingar eru oftast í viku og þá eftir þörfum keppenda.

Kennslu og æfingaskrár eru einstaklingsmiðaðar og unnar í samstarfi við hvern og einn iðkanda. Og er þá horft á áherslur og markmið iðkandans í íþróttinni.

Ef fjöldi iðkenda í hóp fer yfir 6 á æfingu í hagslagrein og 4 í riffilgrein kallar þjálfari til æfingastjóra/aðstoðarmann sér til fulltingis, þeir geta einnig stýrt léttari æfingum í forföllum þjálfara, auk almennra æfinga.



3.3 Æfingastjórar

Almennar æfingar á skotíþróttasvæði Skotf.Markviss

Æfingastjóra á almennum æfingum á skotsvæði Markviss ber að:

1. Sjá til þess að æfingaaðstaða sé opin á auglýstum opnunartíma.
2. Sjá til að fyllsta öryggis sé gætt á æfingum og að þátttakendur noti viðeigandi öryggis- og hlífðarbúnað.
3. Sjá til að reglum félagsins sé fylgt í hvívetna.
4. Innheimta vallargjöld og fylgjast með útfyllingu hringjakorta.
5. Fylgjast með að unglingar undir 18 ára hafi skriflegt leyfi foreldris til að taka þátt í æfingunni.
6. Sjá til að allir fái jafnan tíma til æfinga innan þess tímaramma sem opnun svæðisins leyfir.
7. Leiðbeina um meðferð búnaðar sé þess óskað, en þó án þess að trufla flæði á skotvelli.
8. Hafa sótt námskeið í skyndihjálp.
9. Sjá um að gengið sé frá svæðinu í lok æfingar, dúfur og patrónur týndar upp, vélar afspenntar og magasín fyllt. Ljós slökkt og gengið úr skugga um að hurðir séu læstar.
10. Fylgjast með birgðastöðu kaffistofu og hreinlætisaðstöðu.

Á öðrum æfingum utan almenns opnunartíma s.s. nýliðaæfingum og æfingum keppnisfólks, þar sem æfingastjóri er ekki á svæðinu ber þjálfari ábyrgð á að fyrrgreindum reglum og skipulagi sé framfylgt.

KAFLI 4

FJÁRMÁLASTJÓRNUN

4.1 Stefna félagsins:

Stefna félagsins er að það sé rekið af ábyrgð og sýni hallalausan rekstur á hverju rekstrarári fyrir sig.

Fjárhagsleg staða félagsins skal ávallt vera jákvæð og þannig að hún geti stutt við uppbyggilegt og árangursríkt starf félagsins.

Bókhald félagsins skal fært í bókhaldskerfi ÍSÍ.

4.2 Rekstur félagsins:

Rekstur félagsins er ekki aðskilinn eftir kyni eða aldri enda sitja allir iðkendur við sama borð og njóta sömu réttinda óháð þessum atriðum ss. vegna styrkja, vallar og félagsgjalda. Enda stærstur hluti þeirra skotgreina er félagið stundar ekki kynbundin eða aldurstengdur nema að litlu leyti.

Þó með þeirri undantekningu að haldið er sérstaklega utan um styrki og fjáraflanir sem er sótt um eða að öðru leyti tileinkað ungliðastarfi.

Gjaldskrá félagsins er sú sama fyrir alla iðkendur óháð kyni og aldri utan þess að ungliðar greiða hálf árgjald

4.3 Fjárhagsáætlun fyrir rekstrarárið:

Fjárhagsáætlunin er sett upp fyrir hvert ár og kynnt á aðalfundi félagsins um leið og ársskýrsla ársins á undan er lögð fyrir fundinn til samþykktar.

Sjá fylgiskjal.

KAFLI 5

ÞJÁLFARAMENNTUN

5.1 Stefna félagsins

Þjálfarar skulu starfa eftir stefnu ÍSÍ um íþróttir unglunga eins og kostur er. Að upplifun þeirra sé jákvæð, efli líkamlegt atgervi og félagslega þáttinn í íþróttum.

Yfirþjálfarar sé viðurkenndir af ISSF (Alþjóðaskotíþróttasambandið) og STÍ (Skotíþróttasamband Íslands) með þjálfararéttindi D-C-B-A.

Þjálfarar allra flokka hafi lokið þjálfara 2 hjá ÍSÍ eða séu með ISSF þjálfararéttindi D eða hærra, og hafi víðtæka þekkingu á viðkomandi grein. Þjálfarar fullorðinna hafi að lágmarki þjálfararéttindi ISSF-D, og víðtæka þekkingu á viðkomandi grein.

Félagið hafi innan sinna raða reynslumikla einstaklinga með leiðbeinendaréttindi, útgefin af ríkislögreglustjóra, sem aðstoðað geti við þjálfun og tengd verkefni.

Þjálfarar félagsins skulu stöðugt leitast við að afla sér meiri þekkingar og reynslu, hvort sem er með þátttöku á námskeiðum á vegum ÍSÍ/STÍ/ISSF eða eftir öðrum leiðum t.d. fyrirlestrum og samvinnu við starfsbræður sína erlendis.

Þjálfarar hafi vald á og geti kennt mismunandi tækni eftir því sem við á þannig að hæfileikar hvers og eins fái notið sín.

Æfingar sem snúa að öðrum þáttum en skottækni og skotstíl séu samræmdar eins og kostur er.

Mikilvægt er að þjálfarar félagsins hafi þekkingu í skyndihjálpi og endurnýji skírteini sín á 2ja ára fresti.

5.2 Ráðning þjálfara.

- A. Þjálfarar og æfingastjórar/aðstoðarmenn eru alla jafnan sjálfbóðaliðar og þiggja ekki laun fyrir störf sín og eru þar af leiðandi ekki með skriflega ráðningarsamninga við félagið.
- B. Þiggi þjálfarar og/eða æfingastjórar/aðstoðarmenn laun fyrir störf sín skal gerður við þá skriflegur ráðningarsamningur og lagðir fram reikningar fyrir launagreiðslun í bókhand félagsins.
- C. Séu laun greidd fyrir þjálfun skulu þau samræmd óháð kyni og aldri bæði launþega og iðkenda



5.3 Listi yfir þjálfara félagsins

Guðmann Jónasson

Þjálfari 1 ÍSÍ 2020

ISSF-D valid 2019, Haglagreinar/ No. TAC0562-D

Leiðbeinendaréttindi útgefin af ríkislögreglustjóra 2023

Fyrirlestrar:

Íþróttasálfræði, Hafrún Kristjánsdóttir 2014

Námskeið:

Skeet & Trap coaching, Allen Warren 2012

Jón B. Kristjánsson

ISSF –D, valid 2020 , kúlu- og loftgreinar/ NO TA0973-D

Kennsluréttindi fyrir E-leyfi 2011

Leiðbeinendaréttindi útgefin af ríkislögreglustjóra 2023

Snjólaug M. Jónsdóttir

Þjálfari 1 ÍSÍ 2013

Þjálfari 2 ÍSÍ 2014

Þjálfari 3 ÍSÍ 2019

Leiðbeinendaréttindi útgefin af ríkislögreglustjóra 2023

Fyrirlestrar:

Íþróttasálfræði, Hafrún Kristjánsdóttir 2014

Mental Training, Jocke Nylund 2015

Vertu óstöðvandi, Bjarni Fritzson 2018

Verndum þau, Þorbjörg Sveinsdóttir

Æfingastjórar/Aðstoðarmenn þjálfara.

Jón Axel Hansson

Skotvopnaleyfi A,B,D,E

Ásgeir Þróstur Gústavsson

Skotvopnaleyfi A,B,D,E

5.4 Fyrirkomulag æfinga, samstarf og samráð þjálfara

Fyrir hvert tímabil er sett upp drög að æfingum og æfingadögum. En þar sem að skotfimi er einstaklingsgrein þá þarf að miða meira út frá hverjum og einum en heildinni.

Ef fjöldi iðkenda í hóp fer yfir 6 á æfingu í haglagrein og 4 í riffilgrein kallar þjálfari til æfingastjóra/aðstoðarmann sér til fulltingis, þeir geta einnig stýrt léttari og almennum æfingum í forföllum þjálfara.

Einnig hittast þjálfarar og leiðbeinendur reglulega yfir æfingatímabilið.

KAFLI 6

FÉLAGSSTARF

6.1 Stefna félagsins

Er að bjóða upp á meira en reglubundnar æfingar fyrir félagsmenn sína. Við teljum að félagsstarfið sé ekki síður mikilvægt en æfingar og keppni.

Með góðu félagsstarfi eflum við hópinn og gerum okkur sterkari sem einstaklinga í góðri heild félagsskaparins.

Með góðu félagsstarfi erum við að stuðla að meiri þekkingu félagsmanna á starfi annarra félaga sem og þroska í hópa- og einstaklingsstarfi.

Markmið félagsstarfsins okkar er:

- að auka virðingu fyrir reglum
- að fræða
- að vekja, hlúa að og efla áhuga iðkenda fyrir þroskandi félagsstarfi
- að starfið miðist við óskir hópsins og efli þannig félagsandann
- að starfi bjóði upp á fleiri tækifæri til að takast á við ný og fjölbreytt viðfangsefni
- að auka samvinnu

6.2 Viðburðadagatal

Þegar viðburðadagatal hvers árs er sett upp er farið eftir óskum og ábendingum félagsmanna hvað þeir sjá fyrir sér á komandi tímabili til að auka samheldni í hópnum.

Það er margt sem hægt er að gera sér til skemmtunar og fræðslu á milli æfinga og keppni. Etirtaldar hugmyndir hafa komið frá félagsmönnum:

- Endurhleðslunámskeið
- Skyndihjálparnámskeið (í samvinnu við önnur íþróttafélög á svæðinu)
- Verkun og nýting villibráðar
- Hreinsun og umhirða búnaðar
- Næring og heilsa íþróttafólks
- Heimsóknir á önnur skotsvæði, til að kynna sér starfsemi þeirra
- Villibráðaveisla, jólagleði o.fl. í þeim dúr
- Kynningarstarfssemi fyrir nýliða (unga sem aldna) á íþróttinni
- Horft á fræðsluefni á myndböndum (keppnir, æfingar og kennslumyndbönd)
- Æfingabúðir.

KAFLI 7

FRÆÐSLU- OG FORVARNARSTARF

7.1 Stefna félagsins í fræðslu- og forvarnarmálum:

Mikilvægt er að íþróttahreyfingin sé trúverðug í fræðslu- og forvarnarstarfi. Áfengis- og/eða nikótínneysla á ekki að eiga sér stað í tengslum við íþróttastarf, s.s. :

- Áfengisneysla á meðan íþróttakeppni stendur sé bönnuð.
- Lög um áfengisauglýsingar á eða við velli séu virt.
- Áfengisneysla á íþróttasvæði sé bönnuð
- Reykingar og önnur nikótínneysla á íþróttasvæðum sé bönnuð eða haldið í lágmarki og þá eingöngu á þar til gerðu svæði.

Íþróttafólk er fyrirmynd annarra og ætti að haga framkomu sinni í samræmi við það.

Með frekari uppbyggingu félagsins og eflingu unglíngastarfsins þurfum við að huga að því að vera fyrirmynd unga fólksins sem sækja mun í starfsemi félagsins.

Stefna félagsins er að stuðla að fræðslu fyrir félagsmenn sína, unga sem og þá sem eldri eru varðandi forvarnir þegar kemur að skaðsemi vímuefna og þær hættur sem fylgja lyfjanotkun. Hvað beri að varast og hvernig á að bregðast við ef þeim eru boðnir vímuegjafar.

7.2 Einelti í íþróttum

Einelti er því miður algengt í okkar þjóðfélagi og þá ekki bara í hópi barna og unglunga. Mikilvægt er að stöðva þessa þróun í öllum aldursflokkum í íþróttum og félagsstarfi.

Til að vinna gegn einelti í hópum er mikilvægt að virkja félagslega hlutann vel og sjá til þess að allir komi jafnir inn í starfið og hafi sömu möguleika á að njóta sín í leik sem og í keppni.

Einelti kemur ekki alltaf fram sem líkamlegt ofbeldi, heldur eru það orðin sem skilja oft eftir sig dýpri ör, ör sem oft er erfitt að laga. Margar myndir eineltis koma fram í hópum með mismunandi einstaklingum, andleg, líkamleg, leynd og ljós.

Andlega ofbeldið getur oft verið mjög dulið, svipbrigði, glott, augngotur eða augum ranghvolft er eitthvað sem ekki er alltaf sýnilegt öllum en passað er að þolandi sjái til þegar það á sér stað. Einnig gerast hlutirnir á bakvið einstaklinginn með baktali eða hvísli eða látið sé eins og hann sé ekki á staðnum og hann hunsaður.

Háð og grín á sér oft stað og breytir þá litlu hvort að einstaklingurinn er viðstaddur eða ekki. Útlit, líkams- eða klæðaburður, siðir, venjur o.fl. er það sem oftast er notað.

Rafrænt einelti er einnig mjög algengt en það fer oft fram í skjóli nafnleyndar og því erfitt að rekja það til gerandans. Hefur þetta stóru- aukist með öllum þeim samskiptamiðlum sem börn, unglingar og fullorðnir hafa aðgang að.

Allt viðgengst þetta í okkar þjóðfélagi og eina leiðin til að við getum stöðvað þessa þróun er að vera vakandi yfir hvort öðru og minna hvort annað á að öll erum við jöfn í leiknum.



Stefna félagsins í eineltismálum er:

- Að allir mæti jákvæðir til leiks.
- Að hver og einn er ábyrgur fyrir orðum sínum og gjörðum.
- Að þjálfarar, leiðbeinendur, æfingastjórar og aðrir sjálfboðaliðar komi fram af umhyggju, heiðarleika og virðingu gagnvart öllum þeim sem að starfinu koma.
- Að íþróttafólk okkar séu fyrirmyndir, sýni góða hegðun og gott fordæmi. Séu sjálfum sér og félaginu til sóma.
- Að félagið leggi áherslu á að stuðlað sé að heilbrigðu, uppbyggjandi og vönduðu starfi með börnum, unglingum sem og fullorðnum.

Til að fyrirbyggja einelti í hópnum er mikilvægt að hafa þessar reglur að leiðarljósi í starfinu og minna hvort annað á að fylgja þeim í einu og öllu.

Vakni grunur um einelti skal tekið á málinu tafarlaust (með aðstoð faga- aðila ef nauðsyn er). Markviss hefur tileinkað sér verklagsreglur í samræmi við samræmda viðbragðsáætlun íþrótt- og æskulíðsstarfs.

<https://www.samskiptaradgjafi.is/verkfaerakista>


Hafa skal samband við þjálfara/æfingastjóra félagsins sem kemur ferlinu af stað, sjá skipurit. Félagið hefur upplýsingaskyldu gagnvart foreldrum og forráðamönnum unglunga og reynir að rækja þá skyldu eins og frekast unnt er.

Trúnaður og traust er mikilvægur á milli þeirra sem málin varða og að þeim koma. Í minniháttar tilvikum nægir að þjálfari eða æfingastjóri ræði við iðkanda/iðkendur um hegðunina til að málið leysist farsællega

Mál sem ekki leysast fljótt innan félags svo allir aðila séu sáttir verður vísað til samskiptaráðgjafa ÍSÍ/UMFÍ

<https://www.samskiptaradgjafi.is/>

Eineltisáætlun Markviss



Málinu vísað til aðalstjórnar Markviss

er tekur ákvörðun um vísan máls til Samskiptaráðgjafa,
finnist ekki lausn innan félags er allir sætta sig við.

7.3 Kynferðis ofbeldi í íþróttum

Í 22. grein laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla segir að yfirmenn félagasamtaka skuli gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að skjólstæðingar (iðkendur) verði fyrir kynbundinni eða kynferðislegri áreitni í félagsstarfi.

Markviss vill í hvívetna sporna við kynferðis ofbeldi og að það geti átt sér stað innan íþróttafélagsins eða á nokkurn hátt í tengslum við það eða starfsemi þess. Félagið mun sjá til þess að þjálfarar, leiðbeinendur, æfingastjórar, foreldrar og iðkendur fái fræðslu um kynbundna og kynferðislega áreitni.

Við val starfsmanna á vegum félagsins getur Markviss óskað eftir að aðilar skili inn sakavottorði. Ef grunur um kynferðis ofbeldi kviknar meðal aðila sem starfa eða æfa innan Markviss skal án undantekninga strax tilkynna brotið til lögreglu og/eða Barnaverndarnefndar eftir því sem við á, og vísa til Samskiptaráðgafa ÍSÍ.

Félagið hefur tileinkað sér viðbragðs-áætlun ÍSÍ/UMFÍ sem skal notast við ef upp kemur álit um kynferðis ofbeldi.

Við bendum á Viðbragðsáætlun ÍSÍ og UMFÍ:

<https://www.samskiptaradgjafi.is/verkfaerakista>

7.4 SAMSKIPTARÁÐGJAFI ÍSÍ

Samskiptaráðgjafi íþróttá- og æskulýðsstarfs hefur það markmið að auka öryggi í íþróttá- og æskulýðsstarfi barna, ungmenna og fullorðinna. Markmiðið er að allir geti tekið virkan þátt á sínum vettvangi og jafnframt leitað sér aðstoðar eða leitað réttar síns vegna atvika og misgerða sem hafa átt sér stað án þess að óttast afleiðingar. Þjónusta og ráðgjöf samskiptaráðgjafa stendur öllum þeim til boða sem tilheyra skipulögðu íþróttá- og æskulýðsstarfi á landinu. Til samskiptaráðgjafa er hægt að leita með mál er varða andlegt-, líkamlegt- og kynferðislegt ofbeldi og áreitni, einelti og önnur sambærileg tilvik sem hafa komið upp á vettvangi íþróttá- eða æskulýðsstarfs.

Starfi samskiptaráðgjafa sinnir Sigurbjörg Sigurpálsdóttir, klínískur sálfræðingur, með aðsetur í húsnæði Domus Mentis- Geðheilsustöðvar. Hægt er að hafa beint samband við hana og er hún með símatíma alla þriðjudaga kl. 10-11, í síma 839-9100. Utan þess tíma er hægt að hringja í símanúmerið en ekki alltaf öruggt að ná samtali. Einnig er hægt að senda tölvupóst á sigurbjorg@dmg.is sem verður svarað eins fljótt og hægt er.

Markviss hvetur það félagsfólk sem ekki telur sig geta leitað réttar síns á einhvern hátt við stjórn eða forsvarsfólk Markviss til að nýta sér þessa leið með úrlausn sinna mála.

Sjá Viðbragðsáætlun ÍSÍ og UMFÍ:

<https://www.samskiptaradgjafi.is/verkfaerakista>



7.5 Holt mataræði og orkuþörf íþróttafólks

Holt mataræði

Regluleg og hófleg þjálfun og holl næring er mikilvæg fyrir unga sem aldna. Rannsóknir hafa sýnt að holt mataræði er mikilvægt fyrir líkamlega og andlega heilsu og er nauðsynlegt til að sem bestur árangur náist í öllum greinum íþróttar.

Holt mataræði er mataræði sem inniheldur fjölbreytta fæðu úr sem flestum fæðuflokkum í hæfilegu magni auk nægra og hollra drykkja.

Það er ekki nóg að borða hollan mat. Tímasetningar máltíða og tímabilið á milli þeirra skiptir einnig miklu máli. Gætið þess að borða oft og minna í einu, 2-4 klst á milli mála er hæfilegt.

Mikilvægt er að borða holla, kolvetna- og tiltölulega próteinríka máltíð, eftir æfingar svo líkaminn nái að jafna sig fyrir næstu átök.

Orkuþörf líkamans

Líkami okkar þarf daglega að fá næga orku úr fæðunni. Þessi orka er annars vegar notuð til viðhalds nauðsynlegri líkamsstarfsemi og hins vegar til að sinna daglegum störfum, þar á meðal líkamspjálfun og íþróttum.

Allir þurfa orku til að viðhalda eðlilegri starfsemi lungna, hjarta og annarra líffæra og til að viðhalda eðlilegum líkamshita, taugaboðum og annarri nauðsynlegri starfsemi.

Orkuþörf þeirra sem að stunda íþróttir getur verið tvisvar til þrisvar sinnum meiri en þeirra sem ekki stunda íþróttir og er um eða yfir helmingur orkuþarfar þeirra því til kominn vegna íþróttaiðkunar. Þessari miklu orkuþörf þurfa íþróttamenn að mæta með hollu og næringaríku fæði.

Hvaðan fær líkaminn orku?

Orkuefnin í fæðunni, kolvetni, fita og prótein, brotna niður í smærri einingar við meltingu og bruna í líkamanum. Kolvetni brotna niður í glúkósa, fita í glýseról og fitusýrur og próteinin í amínósýrur. Við þetta losnar úr þeim orka sem líkaminn nýtir sér. Þessi orka er mæld í hitaeiningum (he) eða kílókaloríum (kcal).

Líkaminn getur geymt umfram kolvetni sem orkuforða í lifur, vöðvum og umfram fitu í fitufrumum. Þegar á þarf að halda t.d. við áreynslu grípur líkaminn til þessara forða. Við lítið álag brennir líkaminn mest fitu en þegar hraðinn og álagið eykst veita kolvetni stærsta hluta orkunnar.

Mataræði á keppnisdegi

Mikilvægt er að byrja daginn á góðum morgunverði eins og t.d. hafragraut með bönunum eða með rúsínum og kanil. Spæld egg með beikoni. Harð- eða linsoðin egg, ferskan safa eða boozt. Eitthvað sem stendur lengi með okkur og gefur okkur gott start inn í daginn.

Við keppni í skotfimi skiptir miklu máli að drekka vel og reglulega yfir daginn. Gott er að hafa flösku með sér út á völlinn til að geta drukkið á milli palla. Hafa eitthvað orkugefandi til að fá sér áður en farið er út að skjóta en varast tímabundna orku eins og sykur. Hafa frekar með sér t.d. möndlur, hnetur, banana og ósykraða ávaxtasafa. Forðast gosdrykki og kaffidrykki.

Ef keppnisdagurinn er langur, hafa þá með sér eina góða máltíð fyrir daginn, t.d. salat með góðum próteingjafa, fitu og góð kolvetni. Að mótí loknu er æskilegt að fá sér staðgóða máltíð og góða hvíld á eftir til að koma ferskur inn í átök næsta keppnisdags.

KAFLI 8

JAFNRÉTTISMÁL

8.1 Stefna félagsins:

Rekstur félagsins er ekki aðskilinn eftir kyni eða aldri enda sitja allir iðkendur við sama borð og njóta sömu réttinda óháð þessum atriðum. Enda stærstur hluti þeirra skotgreina er félagið stundar ekki kynbundin eða aldurstengdur nema að litlu leyti.

Gjaldskrá félagsins er sú sama fyrir alla iðkendur óháð kyni og aldri utan þess að ungliðar greiða hálf árgjald

- Félagið Starfar samkvæmt jafnréttisáætlun ÍSÍ og Jafnréttisstofu.
<https://isi.is/fraedsla/jafnrettismal/>
- Félagið sér til þess að allir iðkendur og gestir þess sitji við sama borð þegar kemur að æfingum, keppni og félagsstarfi.
- Allir iðkendur hafi aðgang að sömu aðstöðu, þjálfun og fjármagni.
- Reynt er að koma til móts við alla óháð þjóðerni, fötlun eða búsetu
- Æfingatímar sem henta hverjum flokk fyrir sig eru settir á miðað við þeirra þarfir og kröfur.
- Gerir kröfu á að iðkendur og gestir komi fram við samiðkendur sína á jafnréttisgrundvelli óháð getu, þjóðerni eða fötlunar.
- Þjálfari/æfingastjóri sér til þess að stefnu félagsins sé framfylgt og allir geti stundað æfingar hjá félaginu.
- Séu laun greidd fyrir þjálfun eða annað skulu þau samræmd óháð kyni og aldri bæði launþega og iðkenda.

Til að hægt sé að gæta jafnréttis í íþróttum þurfa allir að leggjast á eitt og vinna saman. Við berum virðingu fyrir hvort öðru og komum fram við aðra eins og við viljum að þeir komi fram við okkur.

Kyn, þjóðerni, litarháttur, fötlun eða geta einstaklingsins í íþróttinni á engu að breyta.

Notum frekar aðstæðurnar og hjálpum nýjum og frábærum einstaklingum að kynnast og þroskast í íþróttinni.

Munum að við erum sterkari sem ein heild heldur en sem einn einstaklingur í hópi.

Við bendum einnig á Viðbragðsáætlun ÍSÍ og UMFÍ:

<https://www.samskiptaradgjafi.is/verkaerakista>



KAFLI 9

SIÐAREGLUR

Siðareglur félagsins

Til að hægt sé að veita félagsmönnum almennar leiðbeiningar í leik og starfi er mikilvægt að hafa siðareglur til aðstoðar.

Siðareglur þessar eiga við um alla sem að starfi félagsins koma og eru í ábyrgðarhlutverki í ferðum og öðrum uppákomum á vegum félagsins.

Hlutverk siðareglna er að veita þeim sem að koma að íþróttum og félagsstarfi almennar leiðbeiningar og vera þeim hvatning. Þær eru hluti af þeim anda sem á að vera ríkjandi í félaginu og þurfa að njóta almenns stuðnings meðal félagsmanna.

Þær eru ekki tæmandi, heldur leiðbeinandi og hvetjandi. Aðhaldið felst í almennu viðhorfi til boðskapar reglnanna.

Jákvæðni, heiðarleiki og góð fyrirmynd er það sem að kemur okkur best í gegnum hið daglega líf, hvort sem er í leik, starfi eða íþróttum.

Siðareglurnar skulu vera hvetjandi og leiðbeinandi í senn. Þær þarf að kynna öllum hlutaðeigandi.

Brot á siðareglum:

Ef iðkandi, foreldri, stjórnarmaður, félagsmaður, sjálfboðaliði eða einhver annar telur að þessar siðareglur hafi verið brotnar getur hann vísað málinu til aðalstjórnar Skotfélagsins Markviss. Brot á siðareglum félagsins geta varðað brottrekstri úr starfi eða úr félaginu



9.1 Siðareglur félagsins – foreldrar og forráðamenn

Foreldri/forráðamaður hafðu ávallt hugfast að:

- Barnið þitt er í íþróttum vegna eigin ánægju en ekki til að gleðja þig.
- Hvetja barnið þitt til þátttöku í íþróttum, ekki þvinga það.
- Hvetja barnið þitt til að fara eftir og virða reglur íþróttanna og leysa deilur án fjandskapar eða ofbeldis.
- Styðja og hvetja öll börn og ungmenni – ekki bara þín eigin.
- Vera jákvæður, bæði þegar vel gengur og líka þegar illa gengur.
- Gera aldrei grín að barni eða hrópa að því ef það gerir mistök.
- Bera virðingu fyrir störfum þjálfarans, ekki reyna að hafa áhrif á störf hans á meðan leik eða keppni stendur.
- Líta á dómarrann sem leiðbeinanda barna, ekki gagnrýna ákvarðanir hans.
- Virða rétt hvers barns, óháð kyni, kynstofni eða trúarbrögðum.
- Læra að meta þátttöku sjálfboðaliða hjá félaginu, því án þeirra hefði barn þitt ekki möguleika á að stunda æfingar og keppni með félaginu.



9.2 Siðareglur félagsins – yngri iðkendur

Iðkandi þú ættir að:

- Gera alltaf þitt besta.
- Virða alltaf reglur og venjur varðandi heiðarleika (Fair Play) í íþróttum.
- Taka þátt í íþróttum ánægjunnar vegna en ekki vegna þess að foreldrar þínir eða þjálfari vilja það.
- Sýna öllum iðkendum virðingu, jafnt samherjum sem mót-herjum.
- Þræta ekki eða deila við dómara.
- Sýna öðrum virðingu og vera heiðarlegur og opinn gagnvart þjálfara og forystufólki félagsins sem ber ábyrgð á þér við æfingar og keppni.
- Forðast neikvætt tal eða niðurlægjandi köll um samherja, mótherja, dómara, þjálfara eða starfsmenn félagsins.
- Koma fram við aðra eins og þú vilt að aðrir koma fram við þig.
- Vera ávallt stundvís á æfingar og keppnir.

9.3 Siðareglur félagsins – eldri iðkendur

Iðkandi þú ættir að:

- Gera alltaf þitt besta.
- Sýna ávallt öðrum virðingu, jafnt í meðbyr sem mótbyr.
- Virða alltaf reglur og venjur varðandi heiðarleika (Fair Play) í íþróttum.
- Virða alltaf ákvarðanir dómara og annarra starfsmanna á mótum og viðburðum.
- Bera virðingu fyrir hæfileika og getu annarra óháð kyni, kynþætti, stjórnmalaskoðunum, trúarbrögðum og kynhneigð.
- Forðast neikvæð ummæli eða skammir.
- Verða heiðarlegur og opinn í samvinnu við þjálfara og aðra sem að styðja þig.
- Taka sjálfur höfuðábyrgð á framförum þínum og þroska.
- Vera ávallt til fyrirmyndar varðandi framkomu, jafnt utan vallar sem innan, hafa hugfast að þú ert fyrirmynd yngri iðkenda.
- Samþykkja aldrei eða sýna ógnandi eða ofbeldisfulla tilburði
- Forðast nán persónuleg samskipti við þjálfara þinn.



9.4 Siðareglur félagsins – þjálfari/leiðbeinandi

- Meðhöndlaðu alla iðkendur á einstaklingsgrunni og á þeirra eigin forsendum.
- Styrktu jákvæða hegðun og framkomu.
- Sjáðu til þess að þjálfun og keppni sé við hæfi iðkenda með tilliti til aldurs, reynslu og hæfileika.
- Haltu á lofti heiðarleika (Fair Play) innan íþróttarinnar.
- Viðurkenndu og sýndu virðingu þeim ákvörðunum sem dómara taka. Fáðu iðkendur til að vera með í ákvörðunum sem að tengjast þeim og kenndu þeim að bera ábyrgð á eigin hegðun og framförum í íþróttinni.
- Vertu réttlátur, umhyggjusamur og heiðarlegur gagnvart iðkendum þínum.
- Viðhafðu jákvæða gagnrýni og forðastu neikvæða gagnrýni.
- Settu ávallt á oddinn heilsu og heilbrigði iðkenda þinna og varastu að setja þá í aðstöðu sem að ógnað gæti heilbrigði þeirra.
- Sýndu athygli og umhyggju þeim iðkendum sem orðið hafa fyrir meiðslum.
- Leitaðu samstarfs við aðra þjálfara og sérfræðinga þegar þess þarf. Viðurkenndu rétt iðkandans til þess að leita ráða frá öðrum þjálfurum.

- Samþykktu aldrei ógnandi eða ofbeldisfulla tilburði.
- Taktu aldrei að þér akstur iðkenda, hvorki á mót né æfingar, nema með samþykki foreldra.
- Sinntu iðkendum á æfingum en þess utan skaltu halda þig í faglegri fjarlægð. Forðastu samskipti gegnum síma og netið nema til boðunar æfinga og upplýsingagjafar.
- Náið líkamlegt samband við iðkanda er ekki leyfilegt.
- Ekki vera vinur iðkenda sem er yngri en 18 ára á samfélagsmiðlum. Eina undantekningin frá þessari reglu er ef þjálfari og iðkandi eru bundnir nánnum fjölskylduböndum.
- Öll samskipti við iðkanda á samfélagsmiðlum skulu fara fram í hópsamtölum/hópsíðum. Hver kyns einstaklingsamtöl milli iðkenda og þjálfara eru ekki æskileg.
- Aldrei eiga í samskiptum við iðkanda með kynferðislegum undirtóni eða vísa í eitthvað slíkt.
- Ekki vera með niðrandi athugasemdir um iðkanda svo sem holdafar, kynþátt, kynhneigð, trúarskoðanir eða stjórn mála-skoðanir iðkanda. Vertu meðvitaður um hlutverk þitt sem fyrirmyndar, bæði utan vallar og innan.

Kafli 10

10.01 Persónuverndarstefna skotfélagsins Markviss

Almennt

Skotfélagið Markviss, kt. 450691-1439 með aðsetur að Skúlabraut 9 Blönduósi (hér eftir vísað til sem „MAV“) leggur ríka áherslu á að vernda persónuupplýsingar sem unnið er með í starfseminni. Persónuverndarstefnu þessari er ætlað að skýra hvernig við öflum og notum persónuupplýsingar og hvaða réttindi einstaklingar eiga sem skráðir eru hjá MAV. MAV leitast við að uppfylla ákvæði og regluverk laga um persónuvernd sem í gildi eru á hverjum tíma. Persónuverndarstefna þessi er byggð á lögum um persónuvernd og vinnslu persónu upplýsinga, nr. 90/2018 (pvl.) og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB), nr. 2016/679 (rglg.) MAV telst vera ábyrgðaraðili í skilningi laganna og ber ábyrgð á því hvernig persónuupplýsingar eru unnar í starfseminni. Persónuverndarstefnan er einnig aðgengileg á heimasíðu MAV og var þessi útgáfa samþykkt þann 05.10.2022 af stjórn félagsins.

Meginreglur Persónuverndar.

Við höfum ávallt í huga meginreglur persónuréttar við vinnslu persónuupplýsinga. Þessar reglur felameðal annars í sér að persónuupplýsingar séu:

- áreiðanlegar og uppfærðar reglulega;
- unnar með lögumætum, sanngjörnum og gagnsæjum hætti;
- fengnar í skýrt tilgreindum og málefnalegum tilgangi;
- unnar af hófsemi og miðast við tilgang söfnunar;
- varðveittar með öruggum hætti og ekki lengur en þörf er á.

Við leitumst við að öll vinnsla persónuupplýsinga sé viðhöfð með hliðsjón af meginreglunum þannig að tryggja megi réttindi einstaklinga sem best.

Hvaða persónuupplýsingum söfnum við og hvernig ?

Vinnsla persónuupplýsinga hjá MAV fer í flestum tilfellum fram í tengslum við samþykka félagsaðild eða á grundvelli lögmætra hagsmuna, samnings eða laga. MAV vinnur meðal annars persónuupplýsingar um:

- Starfsmenn
- Félagsmenn
- Keppendur
- Viðskiptamannaupplýsingar

Ólíkum upplýsingum er safnað um ólíka flokka einstaklinga.

Til dæmis er umfangsmeiri upplýsingum safnað um starfsmenn heldur en félagsmenn og almenning.

Dæmi um upplýsingar sem við vinnum eru:

- Starfsmannaupplýsingar, svo sem nafn, kennitala, mynd, lögheimili, sími, netfang, starfsheiti, bankareikningur og fleira. Við kunnum einnig að vinna viðkvæmar persónuupplýsingar um starfsmenn ss. sakaskrá
- Félagsmanna- eða iðkenda upplýsingar, svo sem nafn, kennitala, netfang, hlutverk í hreyfingu.
- Upplýsingar um keppendur, svo sem nafn, kennitala, kyn, íþróttagrein, árangur, heiti móts, tegund móts.
- Viðskiptamannaupplýsingar, svo sem nafn, netfang, tengsl við fyrirtæki, símanúmer, starfsheiti og samskiptasaga.

Persónuupplýsingarnar sem við söfnum og vinnum með koma venjulega beint frá hinum skráða einstaklingi. En geta líka komið frá öðrum aðilum eins og um uppruna upplýsinganna, t.d. ef upplýsingar eru sóttar úr gagnagrunnum UMFÍ eða ISÍ

Hver er grundvöllur/tilgangur vinnslu persónuupplýsinga?

MAV vinnur persónuupplýsingar um einstaklinga á grundvelli samþykkis, einkum um félagsmenn og iðkendur sem gerast aðilar að MAV og í markaðstilgangi. Þegar við skráum upplýsingar um félagsmenn og iðkendur innan MAV í Sportablar þá gerum við það á grundvelli lögmætra hagsmuna sem felast einkum í lottógreiðslum, tölfræðivinnslu og sögulegs tilgangs. Einnig vinnum við persónuupplýsingar á grundvelli lögmætra hagsmuna vegna myndavélaeftirlits í öryggis- og eignavörslu-tilgangi. Í slíkum tilvikum fullvissum við okkur um það að grundvallar-réttindi og frelsi skráðra einstaklinga vegur ekki þyngra en okkar hagsmunir af því að vinna upplýsingarnar. Í sumum tilvikum vinnum við persónuupplýsingar á grundvelli samningssambands og á það einkum við um starfs og viðskiptamenn, birgja og verktaka. Það getur einnig verið í þeim tilgangi að koma slíku samningssambandi á. Við kunnum einnig að vinna persónuupplýsingar um keppendur á grundvelli samnings. Þá fer vinnsla einnig fram til að uppfylla lagaskyldu á grundvelli jafnréttislaga, svo sem þegar við skráum upplýsingar um kyn félagsmanna. Viðkvæmar persónuupplýsingar eru einkum unnar um starfsmenn og keppendur, á grundvelli samnings, lagaskyldu eða. Í þeim tilvikum höfum við gert viðeigandi verndarráðstafanir í samræmi viðgerðar kröfur.

Miðlun.

MAV kann að miðla persónuupplýsingum til þriðja aðila vegna ýmissa ástæðna. Til dæmis getur verið um að ræða þjónustuaðila eða verktaka sem veita ákveðna þjónustu td. ÍSÍ, UMFÍ og viðskiptabanka. Getur þá verið nauðsynlegt að veita slíkum aðila aðgang að persónuupplýsingum. Þegar slíkir aðilar hafa aðgang að persónuupplýsingum vegna eðli þjónustunnar sem um ræðir tryggir MAV að aðeins séu afhentar persónuupplýsingar sem eru nauðsynlegar og að um ábyrga vinnsluaðila sé að ræða sem bjóða upp á þjónustu sem uppfyllir skilyrði persónuverndarlaga, m.a. með tilliti til öryggis persónuupplýsinga.

Öryggi.

Mikið er lagt upp úr öryggi persónuupplýsinga hjá MAV og hefur verið gripið til viðeigandi tæknilegra og skipulagslegra ráðstafana til að vernda persónuupplýsingar, með hliðsjón af eðli og umfangi vinnslu. Meðal annars með innleiðingu ferla og verklags, sem og tæknilegra öryggisráðstafana, semtaka tillit til eðli upplýsinganna sem um ræðir og áhættu fyrir skráða einstaklinga. Verði öryggisbrestur sem varðar persónuupplýsingar og hefur í för með sér áhættu fyrir skráða einstaklinga mun MAV tilkynna slíkt án ótilhlýðilegra tafa til Persónuverndar. Í ákveðnum tilfellum ber MAV einnig að tilkynna skráðum einstaklingum um öryggisbresti. MAV hefur komið sér upp verkferlum til að bregðast við slíkum aðstæðum.

Varðveisla.

MAV geymir persónuupplýsingar í þann tíma sem nauðsynlegt er til að uppfylla tilgang vinnslu, nema lengri geymslutíma sé krafist eða hann leyfður samkvæmt lögum. Lög sem okkur ber að fylgja eru til dæmis: lög um bókhald sem kveða á um 7 ára geymslutíma gagna. Sé möguleiki á því að þörf verði fyrir persónuupplýsingar síðar til að uppfylla lagaskyldu eða vegna lögmætra hagsmuna, mun MAV varðveita þær persónuupplýsingar með eins öruggum hætti og nauðsyn ber til.



Réttindi skráðra einstaklinga.

Einstaklingar geta óskað eftir upplýsingum um vinnslu MAV og einnig geta þeir óskað eftir því að nýta önnur réttindi sín með því að senda skriflega fyrirspurn á netfangið: skotf.markviss@gmail.com

Dæmi um réttindi einstaklinga eru:

- aðgangur að persónuupplýsingum.
- afrit af persónuupplýsingum, réttur til leiðréttingar og eyðingar
- mótmæla vinnslu og/eða takmarka vinnslu
- draga til baka samþykki fyrir vinnslu
- óska eftir því að persónuupplýsingar séu fluttar til annars aðila

Einstaklingar kunna að eiga frekari réttindi í tengslum við vinnslu MAV á persónuupplýsingum. Þá kann framangreint að vera háð takmörkunum sem leiða meðal annars af lögum eða lögmætum hagsmunum MAV. Við munum óska eftir staðfestingu á auðkenni þeirra einstaklinga sem virkja réttindi sín, svo sem með ökuskírteini eða vegabréfi, til að tryggja það að upplýsingar berist ekki í hendur óviðkomandi aðila.

Samskipti við MAV og Persónuvernd

Fyrirspurnum vegna persónuverndarmála MAV er unnt að beina á netfangið skotf.markviss@gmail.com

Komi upp ágreiningur um meðferð persónuupplýsinga er unnt að senda kvörtun til Persónuverndar. Finna má upplýsingar um hvernig hafa skal samband við stofnunina hér: www.personuvernd.is.

Breytingar á persónuverndarstefnu MAV.

Persónuverndarstefnan er endurskoðuð reglulega og kann því að taka breytingum. Breytingar á stefnunni öðlast gildi við birtingu á heimasíðu MAV markviss.net.

Samþykkt af stjórn Markviss 05.10.2022

KAFLI 11

UMHVERFISMÁL

11.1 Umhverfisstefna félagsins:

Félagið hefur sett sér þá stefnu að ganga um umhverfi sitt af nærgætni og virðingu.

Allur jarðúrgangur er endurnýttur eða honum komið á svæði sem viðurkennt er af sveitarfélaginu til losunar. Rusl er flokkað og fargað á viðeigandi hátt.

Félagið hefur eftirfarandi atriði að leiðarljósi:

- Félagið hvetur til sparnaðar í akstri með því að sameinast um bíla þegar sækja þarf mót eða æfingar út fyrir bæjarfélagið.
- Ruslafötur eru á æfingasvæði sem og í klúbbhúsi og áhorfendur og iðkendur upplýstir um staðsetningar þeirra.
- Tiltekt fer ávallt fram á svæði að loknum æfingum og keppni.
- Allt sorp verður flokkað samkvæmt kröfum endurvinnslustöðva og sveitafélagsins.
- Félagið hugar að gróðursetningu og almennri umhirðu á svæðinu.
- Hugað er að aðgengi fyrir fatlaða.
- Allir sem heimsækja íþróttasvæðið eru upplýstir um stefnuna.
- Reynt er að draga úr hitunarkostnaði eins og hægt er.
- Leitast er við að öll innkaup séu sem vistvænust og frekar notaðar vörur sem hægt er að endurvinna að notkun lokinni.
- Í uppbyggingu er reynt að passa vel upp á umhverfið og sár ekki skilin eftir opin í jarðvegi.

KAFLI 12

UNGLIÐA & FORELDRARÁÐ

12.1 Ungliða & foreldraráð:

- Ungliða og foreldraráð MAV skal skipað 3 fulltrúum ungliða á aldrinum 15- 24 ára, 1 fulltrúa foreldra og 1 fulltrúa stjórnar MAV eldri en 24 ára.
- Skipað er í ráðið til tveggja ára í senn. Enginn fulltrúi skal þó sitja lengur en sex ár.
- Við skipun ráðsins skal óskað eftir tilnefningum frá félögum MAV. Aðalfundur MAV skipar í ráðið.
- Stjórnarmaður MAV kallar ráðið saman á fyrsta fund.
- Stjórnarmaður ritar fundargerðir og ber ábyrgð á því að koma þeim ásamt tillögum ráðsins fyrir stjórn.
- Allir meðlimir ungliðaráðs hafa jafnan rétt til máls og atkvæða.
- Starfsemi Ungliðaráðsins felst í að skipuleggja verkefni ætluð ungmennum, vera stjórn MAV til ráðgjafar um málefni ungliða og málsvari þeirra gagnvart stjórn félagsins.
- Ef meðlimur ráðsins segir af sér skal stjórn skipa staðgengil í hans stað fram að næsta aðalfundi.
- Til þess að ákvarðanir ráðsins séu gildar þarf meirihluti ráðsins að vera samþykktur, hvort sem á við um kosningu á fundi eða á samfélagsmiðlum.
- Fundir skulu haldnir á eins oft og þurfa þykir og ef einhver fulltrúi ráðsins óskar eftir.
- Meðlimir sem mæta ekki á fund verða að vera tilbúnir að taka að sér verkefni sem þeim er úthlutað á fundi.